

| | | | | | |
|---------------------------|---|------------|------------------|------|---------------|
| Yfirskrift | Dagskrá stjórnarfundar FFR | | | | |
| Stjórnarfundur nr. 2 2017 | 2 | Dagsetning | 21. febrúar 2017 | Tími | 12:00 – 13:30 |
| Fundarstaður | Safnahús við Hverfisgötu - Þjóðminjasafn | | | | |
| Fundarstjóri | BK | | | | |
| Ritari | ISS | | | | |
| Mættir (fjarverandi) | BK, HÓS, ISS, KLÁ, MH (BE, EB,) og Guðrún Ragnarsdóttir frá Strategíu | | | | |
| Fylgiskjöl | Fundargerð stjórnar FFR 26. janúar 2017 Hæfniviðmið starfa forstöðumanna – frá Strategíu Nýtt vinnuumhverfi forstöðumanna ríkisstofnana – frá Strategíu | | | | |
| Vistun gagna | ISS | | | | |

Fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar, sem BK ritaði, var samþykkt.

2. Vinna við væntanlegt starfsumhverfi forstöðumanna

Undanfarið hafa verið reglulegir fundir með KMR og hafa BK, ISS og KLÁ sótt þá af hálfu félagsins, ásamt Guðrúnu Ragnarsdóttur. Verið er að skoða og greina launauppbyggingu hjá forstöðumönnum og hvernig hún getur skipst milli fjármálaráðuneytis og fagráðuneytis. Þá hefur verið rýnt í norska fyrirkomulagið, en einnig að kortlögð hæfniviðmið, launakerfi, frammistöðumat og starfsþróun auk fleiri þátta. Komin er verkáætlun og helstu verkþættir hafa verið skilgreindir. Farið var yfir skjölin frá Strategíu og allir máta sig inn í þau fyrir næsta fund.

Leggja þarf áherslu á kynningu og samráð meðal félagsmanna og rætt var um rýni, möguleika á að senda inn athugasemdir og Skypefundi, auk almennra kynningarfunda. Setja þarf upp lista yfir viðburði og ákveðið var að nýta vefsíðuna til að koma fræðsluefni á framfæri.

3. Vefur FFR

HÓS ræddi um Facebook síðu félagsins, en hann er kominn með admin-aðgang. Helst þurfa nokkrir að setja inn efni. Vefsíðan er komin í ágætt lag.

4. Önnur mál

- Morgunverðarfundur um nýja evrópska reglugerð um persónuvernd verður 3. mars á Grand Hótel.
- Næsti fundur var ákveðinn 1. mars kl. 11.30.